



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2007

Tilvísun: UST20070200031/sf

Raflýsing þjóðvega 38 og 39 um Þrengsli til Þorlákshafnar, Sveitarfélaginu Ölfusi. Matsskylda.

Vísað er til tölvupósts Skipulagsstofnunar frá 7. mars sl. þar sem óskað er eftir enn frekari umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd í ljósi svara Orkuveitu Reykjavíkur við umsögn Umhverfisstofnunar frá 26. febrúar sl.

Í svari Orkuveitu Reykjavíkur frá 6. mars sl. kemur fram að Orkveitan telur sig hafa greint frá sjónrænum áhrifum á fullnægjandi hátt, bæði í tilkynningu um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar og í svari við fyrri umsögn Umhverfisstofnunar. Í því sambandi bendir Orkuveitan á að áhrifin hafi verið skoðuð út frá sýn til mannvirkjanna og því til skýringar verið lagðar fram ljósmyndir af sambærilegri lýsingu á Þingvallavegi. Til frekari skýringar hafi fyrirhuguð lýsing verið rissuð inn á ljósmyndir af vegi um Þrengsli.

Framkvæmdalýsing

Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina er fyrirhugað að leggja háspennu- og ljósastreng, reisa um 450 ljósa stjólpa og setja upp 5 smáspennistöðvar fyrir veglínu við þjóðvegi 38 og 39 til Þorlákshafnar, frá Svínahrauni að nýju hringtorgi í Þorlákshöfn. Grafinn verður skurður í vegöxl og lagðir um 23 km af 11 kV háspennustreng ásamt 24 km af ljósastreng í sama skurð. Auk þess verður lagður ljósleiðarastrengur í skurðinn. Smáspennistöðvarnar (50 kV) verða staðsettar í um 16 m fjarlægð frá miðlínu vegar. Ljósastólparnir verða 10 m háir og verða reistir í vegöxlinni með um 50 m millibili.

Verndarsvæði

Framkvæmdasvæðið er að hluta til innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá, þ.e. svæðis nr. 753, Eldborgir við Lambafell. Svæðinu er lýst með eftirfarandi hætti í skránni:

„*Eldborgir við Lambafell, Ölfushreppi, Árnassýslu. (1) Eldvörpin, hrauntraðirnar frá þeim ásamt hrauninu umhverfis. (2) Formfagarar eldstöðvar frá sögulegum tíma.*”

Umhverfisstofnun hefur lagt til að svæðið verði friðlýst, sbr. skýrslu stofnunarinnar „Náttúruverndaráætlun 2004-2008 – Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar”.

Miðað við þá lýsingu sem er í gögnum framkvæmdaraðila er fyrirhugað framkvæmdasvæði

að mestu innan veghelgunarsvæðis, en vegflái mun ná lengra út frá miðlínu vegar en núverandi vegflái. Umhverfisstofnun telur miðað framkvæmdalýsinguna ekki líkur á að verndargildi framangreinds svæðis verði skert.

Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun benti á það í umsögn sinni frá 26. febrúar sl. að gera yrði ítarlegri grein fyrir sjónrænum áhrifum fyrirhugaðrar raflýsingar. Gera ætti sérstaklega grein fyrir sjónrænum áhrifum þess að koma fyrir 10 m háum ljósastólpum við Þrengslaveg á völdum stöðum þar sem vænta megi að útsýni frá veginum breytist. Þar væri t.d. átt við brekkubrún í Eldborgarhrauni syðst í Þrengslum.

Umhverfisstofnun telur að þó að lagðar séu fram ljósmyndir af sambærilegu mannvirki og því sem fyrirhugað er að reisa, eins og gert var í svari Orkuveitu Reykjavíkur frá 23. febrúar sl., nægi það ekki til að meta áhrif framkvæmdarinnar á þeim stað þar sem ætlunin er að reisa slíkt mannvirki. Í því sambandi má benda á að þó lagðar séu fram ljósmyndir af háspennumastri og háspennulínunum er það ekki nægjanlegt til að meta sjónræn áhrif framkvæmdarinnar á þeim stað þar sem fyrirhugað er að reisa háspennulínu. Ef sjónræn áhrif eru talin meðal helstu umhverfisáhrifa viðkomandi framkvæmdar er því að mati Umhverfisstofnunar nauðsynlegt að leggja fram myndir af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem sýna hvernig líklegt er að þau mannvirki sem ætlunin er að reisa munu falla í landinu.

Á ljósmyndum sem fylgja svari Orkuveitu Reykjavíkur frá 6. mars sl. hafa verið settir inn ljósastaurar meðfram núverandi Þrengslavegi, horft frá tveimur stöðum á veginum. Annars vegar á veginum til Þorlákshafnar, horft til norðurs og hins vegar við Eldborgarhraun, horft í átt að Sandfelli. Á síðarnefndu myndinni eru þó ekki sýndir ljósastaurar meðfram öllum veginum. Ekki er í gögnum Orkuveitunnar sýndar myndir frá þeim stað sem Umhverfisstofnun tilgreindi sérstaklega í umsögn sinni.

Umhverfisstofnun telur að sýna verði fram á að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif. Að mati stofnunarinnar hefur það ekki verið gert og leikur enn vafi á því hversu mikil sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verða. Sýna hefði þurft ljósmyndir frá fleiri stöðum og ekki síst þeim stað sem Umhverfisstofnun tilgreindi sérstaklega, sbr. framangreint.

Öryggisatriði

Eins og bent var á í umsögn Umhverfisstofnunar frá 19. febrúar sl. hefur Vegagerðin lagt ríka áherslu á sléttun og grjóthreinsun öryggissvæða meðfram þjóðvegum landsins og oft án verulegs tillits til verndargildis jarðmyndana. Í því sambandi má benda á að eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en við vegagerð yfir slíki svæði hefur verið gert ráð fyrir allt að 7 m breiðu öryggissvæði til hvorrar handar út frá vegöxl, þar sem hraunnibbur og úfið hraun verði jafnað út.

Við raflýsingu þjóðvega 38 og 39 um Þrengsli til Þorlákshafnar er hins vegar gert ráð fyrir að sett verði niður mannvirki innan öryggissvæðis vegarins. Lýsing þjóðvega utan þéttbýlis hefur þó takmarkað gildi samkvæmt skýrslu sem Línuhönnun vann fyrir Vegagerðina og vísað er til í grein um lýsingu þjóðvega í Framkvæmdafréttum frá 27. febrúar 2006 (6. tbl. 14. árg. nr. 437). Í skýrslu Línuhönnunar er mælt með því, að vegkaflar í dreifbýli verði ekki lýstir upp. Hins vegar megi huga að því að lýsa upp einstaka vegamót, ef ákveðnum skilyrðum verði náð. Þannig megi ef til vill huga að því, hvort rétt sé að lýsa upp umferðarmikil vegamót í dreifbýli, þótt ekki sé hægt að mæla með því að kaflarnir í kring verði lýstir upp.

Í fyrrgreindri grein í Framkvæmdafréttum kemur einnig fram að hugsanlegur ávinningur af lýsingu Reykjanesbrautar hafi verið skoðaður sérstaklega. Í ljós kom, að ávinningur öryggis í myrkri á Reykjanesbrautinni var lítill og ómarktækur. Nokkrar ákeyslur höfðu þá þegar orðið á staura.

Umhverfisstofnun telur að í ljósi þeirra krafna sem gerðar hafa verið um öryggissvæði þrátt fyrir áhrif á jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar og í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í framangreindri skýrslu Línuhönnunar og grein í Framkvæmdafréttum að gera hefði þurft frekari grein fyrir forsendum og ávinningi framkvæmdarinnar.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að með fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að litlar líkur séu á að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði umtalsverð. Stofnunin telur að sýna hefði þurft myndir frá fleiri sjónarhornum en gert hefur verið. Auk þess telur stofnunin að gera verði frekari grein fyrir forsendum framkvæmdarinnar og nytsemi hennar, sbr. fyrrgreinda skýrslu Línuhönnunar, ekki síst í ljósi krafna um öryggissvæði sem gerðar hafa verið við lagningu þjóðvega þrátt fyrir áhrif á jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar.

Virðingarfyllst



Helgi Jensson
forstöðumaður



Sigurrós Friðriksdóttir
fagstjóri